

Framsöguræða Össurar Skarphéðinssonar
utanríkisráðherra með skýrslu til Alþingis
um utanríkis- og alþjóðamál

26. apríl 2012



Virðulegi forseti,

Það eru forréttindi að kynna hér árlega skýrslu til þingsins um utanríkismál. Hún er yfir hundrað síður og lýsir vel því lifandi og mikilvæga starfi sem okkar smáa en knáa utanríkisþjónusta sinnir.

Þau stefnumál sem hafa hæst borið á síðasta ári eru fjögur: Umsóknin um aðild að Evrópusambandinu, viðurkenning á fullveldi Palestínu, aukin áhersla á þróunarsamvinnu og málefni norðurslóða. Þinginu vil ég þakka gott samstarf í öllum þessum málum.

Evrópumálin

Frú forseti

Staða viðræðnanna er þannig að í lok mars höfðu 15 kaflar verið opnaðir og 10 lokað. Það þýðir að á þeim níu mánuðum sem sjálfar viðræðurnar hafa staðið höfum við opnað tæplega helming þeirra 33ja kafla sem um þarf að semja, og samið um næstum þriðjung. Við gerum ráð fyrir að opna allt að fimm samningskafla í júní, og að í lok dönsku formennskunnar verði Ísland búið að afhenda samningsafstöður í alls 29 köflum, þ. á m. um matvæli, gjaldmiðilinn, umhverfið og byggðir.

Í landbúnaði vinna menn nú kappsamlega við að mæta opunarviðmiði sem tengist þeim kafla, og sú vinna skapar góðan grunn að samningsafstöðunni, sem við leggjum vonandi fram í haust.

Við höfum frá upphafi lagt þunga áherslu á að opna sjávarútvegskafinn sem fyrst. Endurskoðun fiskveiðistefnu ESB hefur hins vegar tafist um ár, og

sambandinu er væntanlega erfitt að ganga til samninga á grundvelli stefnu, sem það ætlar sjálft að breyta marktækt fyrir lok næsta árs.

Við skulum hins vegar ekki ganga að því gruflandi að makrill kann líka að hafa þvælst inn í gangvirkið. Við heyrðum öll yfirlýsingar írska sjávarútvegsráðherrans, og þó það liggi skýrt fyrir – síðast með yfirlýsingu Barrosos í vikunni – að þetta eru óskyld mál, þá er ljóst að frændur okkar Írar eru reiðir. Svo er um fleiri.

Ég vek hins vegar athygli þingheims á orðum stækkunarstjórans, sem sagði í síðustu viku að hann teldi hægt að opna alla kafla á þessu ári. Í því felst vitaskuld skýrt fyrirheit um opnun sjávarútvegskafans fyrr en seinna, sem Íslendingar tóku vel eftir.

Sjálfur tel ég, að auk fiskjar, þá verði mikilvægasta málið myntin og gjaldeyrishöftin. Íslenskt efnahagslíf, með öll sín tækifæri, auðlindir til lands og sjávar, vel menntað og kraftmikið fólk, að ógleymdri sterkri stöðu á norðurslóðum, glímir enn við þá innbyggðu kerfisgalla sem hafa valdið óstöðugleika um áratugaskeið og áttu sinn ríka þátt í efnahagshruninu.

Staðan í dag er þannig að yfir okkur hangir snjóhengja í formi ríflega þúsund milljarða strokgjarnra króna í eigu útlendinga. Eitt mikilvægasta viðfangsefni samninganna verður að ná samstarfi við Evrópu um afnám gjaldeyrishaftanna, og bræða snjóhengjuna án þess að hún breytist í efnahagslegt hamfarahlaup. Þetta tvennt er líklega mikilvægasta viðfangsefni Íslendinga í dag.

Í því efni er rétt að undirstrika að aðild opnar okkur líka leið til að koma krónunni í var. Alveg eins og Slóvenía og Eistland getur Ísland hafið þátttöku í ERM II samstarfinu, aðeins örfáum mánuðum eftir formlega aðild.

Um leið kemst íslenskra krónan í skjól. Um leið kemst á langþráður stöðugleiki með stuðningi seðlabanka Evrópu, vextir lækka og verðbólgan líka. Aðild að ERM II samstarfinu er háð afnámi gjaldeyrishafta og þess vegna er ESB besti kosturinn til að losna við þau - og snjóhengjuna líka. Það verkefni er einfaldlega of brýnt til að bíða.

Frú forseti,

Kringumstæðurnar í aðildarferlinu hafa að mörgu leyti verið óvenjulegar. Evruvandinn er ekki að fullu leystur, og Icesave og makrill hafa truflað marga.

Það er ekkert óvænt við það, að andstæðingar aðildar noti þetta sem átyllu til að fresta ferlinu. Það gleður mig hins vegar að þeir eru flestir nógu skynsamir til ganga ekki lengra en það.

Siglingin á evrusvæðinu verður vafalaust kröpp enn um sinn. Þar hafa menn gripið til mjög róttækra ráðstafana til að takast á við núverandi vanda, og til að koma í veg fyrir að hann vakni upp aftur.

Það sem mestu skiptir fyrir Íslendinga er hins vegar þetta: Þegar kemur að þeim tímamótum að við getum gengið í myntbandalagið verður evran orðin sterkari, komin á traustari þverbita, og betri gjaldmiðill fyrir Ísland en hún var þegar við lögðum af stað.

Icesave – það er í farvegi dómsmáls, einsog Íslendingar vildu sjálfir. Svo varla ætti það að trufla viðræðurnar. Andstæðingar Icesave sögðu sjálfir að málið væri svo stórt að það hyggi að rótum fjármálakerfisins í Evrópu. Í því ljósi ætti það

ekki að koma nokkrum manni á óvart að framkvæmdastjórnin noti rétt sinn til meðalgöngu í málinu.

Ég vakti raunar athygli á þeim möguleika í tilkynningu í fyrri hluta mars. Málflutningsmaður okkar, Tim Ward, sagði fulltrúum þingsins sömuleiðis að hann teldi meðalgönguna líklega. Það vill hins vegar svo til, að hann, og málsvarnarteymið einróma, telur það styrkja stöðu málsóknar Íslands fyrir dómstólnum. Er þá rökrétt að fresta viðræðum, eins og sumir kröfðust, af því ESB fer leið sem okkar eigin málsvarar telja að auki vinningslíkur Íslands? Það sjá allir þverstæðuna í því.

Makríldeiluna höfum við svo rekið eins og hverja aðra hefðbundna fiskveiðideilu, og í þeim eru Íslendingar þjóða bestir. Við vorum í upphafi útilokuð frá viðræðum en höfum náð þeim árangri að brjóta okkur leið að samningaborðinu.

Íslendingar banna sjálfir skipum frá Noregi og ESB að landa makrílafla hér á landi. Við gerum ekki athugasemdir við að framkvæmdastjórnin afli sér samskonar heimilda. Sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins lítur hins vegar svo á að tillaga framkvæmdastjórnarinnar sé vitabitlaus og hefur í reynd lagt til að heimilt verði að banna innflutning á öllum sjávarafurðum. Það brýtur augljóslega gegn alþjóðlegum samningum. Því er harðlega mótmælt af okkar hálfu.

Það er hins vegar ekki hin endanlega niðurstaða. Nú fer af stað samráð um hvernig hún verður, á milli þingsins og ráðsins, með aðkomu framkvæmdastjórnarinnar. Það eru 3-5 mánuðir í niðurstöðu. Þá þarf síðan enn aðra ákvörðun af hálfu framkvæmdastjórnarinnar um hvaða heimildir hún notar gegn einstökum ríkjum, hugsanlega Færeyjum og Íslandi. Kjósi ESB að grípa til

einhverra vitlausra aðgerða, sem ekki standast, munum við að sjálfsögðu meta okkar viðbrögð út frá því.

Ég tel að kröfur um að slá aðildarviðræðum á frest séu óðagot og yfirskot. Má ég minna á hverjir gengu á fund stækkunarstjórans í síðustu viku og kröfðust þess að viðræðum við Íslendinga yrði slitið? Það voru einmitt þeir sem vilja miklu harkalegri aðgerðir en framkvæmdastjórnin lagði til.

Eigum við þá að taka undir kröfur hörðustu andstæðinga okkar í deilunni? Það er öldungis fráleitt. Við hefðum ekki unnið landhelgisstríðin með því að fallast á kröfur hörðustu andstæðinga okkar.

Virðulegi forseti,

Aðild að Evrópusambandinu snýst um langtímahagsmuni fyrir Ísland, um efnahagslegan stöðugleika, um afnám gjaldeyrishafta, um lægri vexti, um lægri verðbólgu, afnám verðtryggingar, og auknar evrópskar fjárfestingar.

Hún snýst um að skapa þau störf sem við þurfum á að halda. Hún snýst um valkost fyrir íslensku þjóðina inn í framtíðina.

Við þurfum að hafa úthald. Við þurfum úthald í aðildarviðræðunum og líka í maktí. Við getum lokið hvorutveggja, en þá þarf vitaskuld þolgæði og þokkalegt stöðumat hverju sinni.

Palestína, þróunarsamvinna, þjóðaröryggi og norðurslóðir

Frú forseti,

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þinginu fyrir gott samstarf í stórum málum frá síðasta ári. Ég vil sérstaklega draga fram þrjú mál sem við höfum unnið sameiginlega að.

Fyrst nefni ég þau stórtíðindi sem urðu þegar Alþingi samþykkti skömmu fyrir jól að viðurkenna sjálfstæði Palestínu. Ísland varð þar með fyrsta ríkið í Evrópu, og á Vesturlöndum öllum, til að taka það sögulega skref. Enginn þingmaður greiddi atkvæði gegn því. Það var táknrænt. Það var sögulegt. Það sýndi stórlyndi þingsins. Fyrir það vil ég þakka í dag.

Afstaðan í Palestínu er dæmi um sjálfstæði Íslendinga í utanríkismálum. Ég gæti líka rakið hvernig hún er dæmi um hvernig lítil þjóð undirbýr af kostgæfni, og metur afleiðingarnar, af stórpólítískri ákvörðun. Það sem skiptir þó mestu máli í dag er sú staðreynd, að við ætlum ekki að sleppa hendinni af Palestínu.

Það gleður mig að geta sagt frá því að við vinnum um þessar mundir að áætlun um hvernig við getum stutt við palestínsku þjóðina gegnum þróunarsamvinnu. Þar væri líka gott að njóta liðsinnis þingsins.

Annað mál, sem ég vil líka þakka, er frábært samstarf við þingið um áætlun vegna þróunarsamvinnu Íslands sem það samþykkti einróma í fyrrasumar.

Ég hef sjálfur notið þeirrar gæfu að upplifa af eigin raun þau áhrif sem framlög til þróunarlanda hafa. Það var áhrifamikil stund, þegar við nokkrir Íslendingar afhentum fullgerðan spítala í Monkey Bay í Malaví í síðasta mánuði. Og líklega gleymi ég seint orðunum sem ljósmóðir á íslenskri heilsugæslustöð langt inní skógi í Nankumbasveit, lét falla: „Börnin lifa hjá okkur.“ Nú eiga Íslendingar örlítinn hlut í 16 þúsund börnum sem hafa fæðst á þremur íslenskum fæðingardeildum í héraðinu.

Heimsókn, eins og sú sem ég fór í til eins af fátækustu svæðum Afríku, breytir viðhorfum manna. Ég játa það fúslega að heimkominn sá ég okkar eigið líf og vandamál í öðru ljósi. Í dag finnst mér að það sé brýnna en áður, og brýnna en margt annað, að okkur takist að halda hraðanum sem þið ákváðuð í fyrra á því að 0,7 prósent af þjóðartekjum fari til þróunarsamvinnu.

Það er ekki síst mikilvægt núna, því framundan er eitt stærsta þróunarverkefni Íslendinga.

Við höfum gert samkomulag við Alþjóðabankann um að kosta, í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn, allar rannsóknir til að þrettán ríki í A-Afríku geti aflað orku úr iðrum jarðar. Alþjóðabankinn mun síðan, í samstarfi við aðra, koma sjálfri orkuvinnslunni á legg.

Við eigum jafnframt í viðræðum við Norðmenn, Breta, Þjóðverja, OPEC sjóðinn, og Japani, um að koma til liðs við okkur í þessu stóra verkefni, sem gæti leitt til gjörbyltingar á högum 150 milljón manns á fátækustu svæðum heims. Í tengslum við það er rétt að geta þess að í síðustu viku skrifaði ég undir samning við ráðherra auðlindamála frá Kína um þátttöku Kínverja í verkefnum af þessu tagi. Það er því óhætt að segja að þetta er sögulegur áfangi í þróunarsamvinnu okkar.

Ég minntist á norðurslóðir í upphafi. Ég hef skilgreint þær sem forgangsmál, og vil síðast en ekki síst, þakka þinginu fyrir virkan áhuga á þeim og öfluga þátttöku í stefnumótun. Hugmyndir, sem ég setti fram fyrir tveimur árum, eru nú óðast að komast til framkvæmda.

- Við höfum hert róðurinn gegn hlýnun af mannavöldum– og þar með bráðnun.

- Við höfum tryggt að það verður augin starfsemi á vegum Norðurskautsráðsins á Íslandi.
- Við höfum tekið frumkvæði í viðræðum um kortlagningu umhverfisþátta til að undirbúa val á hentugri skipaleið yfir norðurpólinn þegar ísa leysir.
- Við höfum átt viðræður við grannþjóðir um að Ísland verði miðstöð þjónustu við svæði sem kunna að opnast til auðlindanýtingar.
- Við höfum átt viðræður við allar norðurskautspjóðirnar um að flýta gerð alþjóðlegs mengunarvarnarsamnings gagnvart olíu.
- Við höfum sömuleiðis fengið góðar undirtektir í viðræðum við þær allar um að alþjóðleg björgunarmiðstöð rísi hér í framtíðinni.
- Við höfum gert þrjá alþjóðlega samninga um samstarf um rannsóknir á norðurslóðum, sem munu verða mikil lyftistöng fyrir íslenska fræðasamfélagið, ekki síst norðurslóðakjarnann á Akureyri.
- Við höfum gert sérstakan samning við Noreg sem felur í sér nýtt embætti prófessors, kennt við Friðþjóf Nansen, í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri, og sömuleiðis námsstyrki handa tíu námsmönnum, og um aðgang að rannsóknum á Svalbarða.

Frú forseti,

Ég vil í lok þessarar framsögu nota tækifærið og þakka þinginu, sérstaklega utnaríkismálanefnd og ötulum og úrræðagóðum formanni hennar, og öllum þeim sem starfa fyrir Íslands hönd að utanríkismálum, fyrir þeirra góða starf í okkar þágu.

Utanríkismál eru snúið viðfangsefni, þar er ekkert gefið. Við búum sem betur fer að því, bæði í mínu ráðuneyti og í þinginu, að þar er reynt fólk, og fer á báðum stöðum vaxandi að reynslu. Það er gott fyrir Ísland. Við munum í vaxandi mæli þurfa á slíku fólk að halda.

Í því ljósi ber mér sérstaklega að þakka samninganefnd Íslands í viðræðunum við Evrópusambandið og um leið þeim fjölmörgu fulltrúum hagsmunaaðila, félagasamtaka og stjórnsýslu sem taka þátt í því mikilvæga verkefni. Í þessum hópi eru vafalítið skiptar skoðanir um Evrópumálin, rétt eins og meðal okkar Íslendinga. En í samningaliðinu ríkir góður andi, og þar ríkir breið samstaða um að standa þétt saman um hagsmuni Íslands, og koma heim með sem bestan aðildarsamning.

Þegar kemur að hagsmunum Íslands erum við öll í sama liði.